


Skaftárhreppur
Anton Kári Halldórsson
Klausturvegi 15
880 Kirkjubæjarklaustur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 7. desember 2010
Tilvísun: UST20101000040/jbw

Deiliskipulag ferðaþjónustusvæðisins Mýrar, Hrífunesi, Skaftárhreppi

Umhverfisstofnun hefur borist erindi dags. 11. nóvember sl. þar sem óskað er eftir umsögn um deiliskipulag ferðaþjónustusvæðisins Mýrar í Hrífunesi ar sem nú er tjaldsvæði.

Deiliskipulagssvæðið, fyrirhuguð mannvirki

Skipulagssvæðið er 31 ha að stærð. Núverandi aðkomuvegur frá Hrífunesvegi að skipulagssvæðinu verður notaður áfram. Gert er ráð fyrir uppbyggingu hótels og ferðaþjónustu með veitingahúsi og aðalhúsi ásamt gistirýmum hótelsins, 18-20 tjaldhýsi, sunnan við aðalhúsið. Hvert tjaldhýsi (úr sterku strigaefni) verður reist ofan á timburpall með verönd. Léttir skjólveggir úr timbri verða utan um hvert tjald og verður fastrými með salernisaðstöðu við hvert þeirra. Tjöldin verða hituð með rafmagni, notuð frá miðjum maí til miðjan september og þá pakkað saman. Umhverfisstofnun bendir á að ekki komi fram í greinargerðinni hvort að „léttir skjólveggir“ verði teknir niður að hausti. Bílastæði verða í lautum sem eru til staðar vegna tjaldsvæða og við hvert tjaldhýsi. Stígar að tjaldhýsaþyrpingum og að rotþróum verða akfærir.

Í greinargerðinni kemur fram að á reit J sé heimilt að reisa allt að 600 m² þjónustubyggingu með móttöku, þjónustu, veitinga- og starfmannaaðstöðu, og gerir Umhverfisstofnun ráð fyrir að um sé að ræða aðalhúsið. Á reit D er heimilt að reisa allt að 550 m² byggingu á einni hæð sem verður tengd þjónustuhúsinu. Á reitum A og I verða reistar þjónustubyggingar sem verða annað hvort hús eða tjaldhýsi, 550 m² og 250 m² að stærð. Á öðrum reitum (B, C, E, F, G og H) verða reist 50-60 m² tjaldhýsi og munu alls fara 1.620 m² undir þau.

Heildarflatarmál sem fer undir framangreind mannvirki verður 3.570 m². Umhverfisstofnun bendir á að inn í þessari tölu er ekki flatarmál svæða sem fer undir bílastæði, vegi, slóða, göngustíga og rotþrær né hve stórt svæði raskast vegna fráveitu- og vatnslagna og

rafmagnstrengja í jörð. Stofnunin gerir athugasemd við að í greinargerðinni kemur ekki fram hve margir fermetrar fara undir þá þætti og telur það mikilvægt í ljósi þess að á svæðinu er birki- og víðiskógur á svæðinu er mjög þéttur og að birkiskógar hafa verndargildi (sjá í kaflanum *Áhrif á gróður, jarðrask*).

Samræmi við aðrar skipulagsáætlanir

Deiliskipulagið er í samræmi við gildandi aðalskipulag Skaftárhrepps 2002-2014 og einnig í samræmi við aðalskipulag Skaftárhrepps 2010-2022 sem er í lögbundnu skipulagsferli.

Náttúruverndarsvæði

Engin náttúruverndarsvæði eru innan deiliskipulagssvæðisins.

Vatnsveita

Í greinargerðinni kemur fram að neysluvatn verði fengið úr vatnsbóli í landi Hrífuness og að vatnslögð verði lögð frá núverandi lögn. Einnig kemur til greina að bora eftir vatni innan deiliskipulagssvæðisins og að leitað verði eftir heimild til þess hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands. Umhverfisstofnun gerir ráð fyrir að við öflun neysluvatns og frágangi vatnsveitu verði farið eftir kröfum í reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001 og að vatnsból falli undir vatnsvernd samkvæmt ákvæðum reglugerðar um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999. Stofnunin gerir athugasemd við að ekki komi fram í greinargerðinni hvort að vatnsból í landi Hrífuness sé afgirt. Stofnunin minnir á að um vatnsból gilda m.a. eftirfarandi ákvæði, sbr. 9. gr. reglugerðar nr. 536/2001: „*Brunnsvæði skal vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar. Heilbrigðisnefnd skal, þar sem þörf krefur, krefjast þess að svæðið skuli girt gripa- og mannheldri girðingu, sem sé minnst 5 metra frá vatnsbóli*“. Umhverfisstofnun telur að deiliskipulagið eigi að endurspegla þessar kröfur reglugerðarinnar.

Umhverfisáhrif deiliskipulagsins

Umhverfisstofnun bendir á að í kafla 4 er ekki fjallað um þætti sem liggja að baki mati á áhrifum, viðmið eða skilgreiningar á einkennum og vægi áhrifa. Ekki er heldur lagt mat á áhrifin í matsköflunum, eingöngu er þar fjallað um stefnu og ákvæði deiliskipulagsins og aðgerðir til að draga úr áhrifum. Ekki er nóg að vísa í umhverfismat í aðalskipulagi Skaftárhrepps eins og gert er neðst á síðu 13. Umhverfisstofnun telur að bæta við mati á áhrifum deiliskipulagsins á votlendi (mýri og læki), landslag og fugla.

einnig á þann möguleika að varðveita gróðurþekju og leggja aftur yfir röskuð svæði.

Votlendi

Stofnunin telur afar brýnt að sú stefna verði mörkuð í deiliskipulaginu að halda öllum fyrirhuguðum framkvæmdum utan við votlendið (mýri og læki) og að því verði hvorki spillt, þurrkað eða raskað við uppbyggingu og jarðraski enda nýtur votlendi, 3 ha að stærð eða stærra, sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Mengunarhætta

Fráveita, skólp

Umhverfisstofnun bendir á hættu á mengun grunn- og yfirborðsvatns ef ekki er staðið rétt að frárennismálum. Í greinargerðinni kemur fram að ein rotþró verði við þjónustubyggingu og ein við hverja þyrpingu tjaldhýsa. Einnig kemur fram að „*samkvæmt aðalskipulagi Skaftárhrepps er stefnt að því að koma upp viðurkenndum hreinsibúnaði á öllum jörðum í dreifbýli ásamt frístundabyggðum*“. Stofnunin telur afar brýnt að farið verði eftir ströngustu kröfum í 13.1 gr. reglugerðar um fráveitur og skólp og reglugerð nr. 798/1999 og bendir í því sambandi á leiðbeiningarit Umhverfisstofnunar frá 2004 um rotþrær og siturlagnir.

Úrgangur

Í greinargerðinni er lítið fjallað um sorpmál, eingöngu að sorp verði flokkað eftir því sem við á og komið til viðurkenndra sorpstöðva. Stofnunin gerir athugasemd við að ekki komi fram hvort að ruslatunnur og gámar verði innan svæðisins og á hvaða stöðum. Stofnunin bendir á að rusl, ruslatunnur og gámar geta verið lýti í umhverfinu og mikilvægi þess að ruslatunnur/gámar falli sem best að landi. Einnig bendir stofnunin á að setja þurfi reglur á svæðinu og í stefnu deiliskipulagsins um tíðni tæminga ruslatunna/gáma til að fyrirbyggja mengunarhættu. Umhverfisstofnun bendir á að fara eigi eftir kröfum um meðferð sorps í reglugerðum nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs og nr. 738/2003 um urðun úrgangs.

Ásýnd mannvirkja

Umhverfisstofnun tekur undir þá stefnu deiliskipulagsins að „*mannvirki sem reist verða á svæðinu samrýmist umhverfi sem best og valdi þannig sem minnstum sjónrænum áhrifum*“ sem og markmiðum deiliskipulagsins. Stofnunin telur einnig að með þeirri stefnumörkun og markmiðum muni draga úr neikvæðum sjónrænum áhrifum fyrirhugaðrar uppbyggingar og neikvæðum áhrifum á landslag Hrífunes.

Áhrif á gróður, jarðrask

Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þeirrar stefnu deiliskipulagsins að halda öllu jarðraski í lágmarki við fyrirhugaðar framkvæmdir. Á bls. 13 í 4. kafla stendur að „*ein hver gróður þurfi að víkja fyrir mannvirkjum*“. Stofnunin finnst hér of vægt til orða tekið í ljósi þess að óhjákvæmilega verði staðbundin verulega neikvæð áhrif á gróður við framkvæmdir. Gróður mun fara forgörðum á 3.570 m² eða 0,357 ha svæði við byggingu húsa og veranda undir tjaldhýsi og fastrými með salerni og við gerð bílastæða, vega, slóða og göngustíga. Auk þess mun gróður raskast við lagningu rafmagnsstrengs, vatnlagna, fráveitulagna og rotþróa í jörð.

Umhverfisstofnun tekur undir þá stefnu deiliskipulagsins að hlífa sem mest náttúrulegum birki- og víðiskógi á svæðinu og að trjáplöntur sem fjarlægja þurfi verði gróðursettar annarsstaðar á svæðinu. Stofnunin hefur þó áhyggjur af því að erfitt verði að framfylgja framangreindri stefnu og er ástæðan sú að birki- og víðiskógur á svæðinu er mjög þéttur og lágreistur og eru flestir byggingarreitir á skipulagsuppdrættinum teiknaðir ofan á slík svæði.

Stofnunin telur einnig afar brýnt að ekki verði heimilt að gróðursetja framandi tré og plöntur á svæðinu og vísar í því sambandi í ritið „*Vernd og endurheimt íslenskra birkiskóga*“ frá árinu 2007 (tillögur nefndar á vegum Umhverfissráðuneytisins um stefnu Íslands varðandi birkiskóga).

Íslensk stjórnvöld hafa markað þá stefnu að stuðlað skuli að verndun þeirra. Samkvæmt 3. mgr. 39. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd skal Umhverfisstofnun ásamt Skógrækt ríkisins vinna að verndun og eftirliti með náttúrulegum birkiskógum og skógum til útivistar. Samkvæmt 4. mgr. sömu gr. skal ekki að óþörfu eyða eða spilla gróðri með mosa-, lyng- eða hrísrifi eða á annan hátt. Í stefnumörkun íslenskra stjórnvalda til sjálfbærrar þróunar til ársins 2020 (Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi) eru skilgreind markmið á sviði sjálfbærrar þróunar og leiðir að þeim markmiðum. Eitt þessara markmiða er að forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi Íslands. Í umfjöllun um leiðir að markmiðum segir m.a.: „*Áhersla verði lögð á að vernda þær vistgerðir sem hefur verið raskað hvað mest á grunni vinnu við að skilgreina og kortleggja vistgerðir á Íslandi. Forgangsmál í því sambandi eru m.a. votlendi og birkiskógar.*”


Þar sem gróður raskast, s.s. við niðursetningu lagna og rotþróa í jörð, telur Umhverfisstofnun mikilvægt að notaðar verði staðbundnar tegundir grasa við sáningu í röskuð svæði en bendir


Niðurstaða Umhverfisstofnunar

Umhverfisstofnun metur sem svo að ekki verði hjá því komist að gróðri, náttúrulegum birki- og víðiskógi, raskist við uppbygginguna. Stofnunin telur þó bót í máli að ferðaþjónustusvæðið verður á afmörkuðu litlu svæði innan Hrífuness þar sem nú eru tjaldsvæði og að nýta eigi núverandi aðkomuveg að svæðinu. Stofnunin telur afar brýnt að öllu jarðraski verði haldið í lágmarki og að birki- og víðiskógi verði hlíft eins og kostur. Einnig telur stofnunin afar brýnt að við val á endanlegri staðsetningu húsa og tjaldhýsa innan byggingarreita verði reynt eftir fremsta megni að velja staði þar sem skógurinn er gisnari eða þar sem „auðir“ blettir eru. Umhverfisstofnun telur mikilvægt við framkvæmdir verði að öll birki- og víðitré flutt og gróðursett annarsstaðar innan svæðisins og að ekki verði gróðursett birki frá gróðrastöðvum eða öðrum svæðum eða framandi tegundir gróðurs innan þess. Að lokum telur stofnunin mikilvægt að við sáningu í röskuð svæði verði eingöngu notuð fræ staðbundinna tegunda grasa.

Að öðru leyti en því sem að framan greinir, gerir Umhverfisstofnun ekki frekari athugasemdir við deiliskipulag ferðaþjónustusvæðisins Mýrar í Hrífunesi, Skaftárhreppi.

Virðingarfyllt


Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri


Jóhanna Björk Weissshappel
Sérfræðingur

Afrit sent: Skipulagsstofnun